**HAFNARFJÖRÐUR**

**Framkvæmdasjóður aldraðra**
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 12. júlí 2017

**Efni: Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, gjöld í sjóðinn og fjöldi hjúkrunarrýma í Hafnarfirði**

Samantekt þessi kemur til vegna umsóknar Hafnarfjarðarkaupstaðar um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna endurbóta á Sólvangi í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri hjúkrunarheimilis í húsinu ásamt ýmissi annarri starfsemi fyrir aldraða.

## Gjöld Hafnfirðinga í Framkvæmdasjóð aldraðra

| Ártal | Greitt | Vísitala neysluverðs | Á verðlagi í apríl 2017 |
|---|---|---|---|
| 2007 | 103.533.328 | 273,7 | 167.234.506 |
| 2008 | 117.803.073 | 307,7 | 169.258.169 |
| 2009 | 123.051.600 | 344,6 | 157.867.418 |
| 2010 | 120.825.600 | 363,2 | 147.073.232 |
| 2011 | 136.196.606 | 377,7 | 159.418.903 |
| 2012 | 144.165.644 | 397,3 | 160.421.926 |
| 2013 | 153.392.547 | 412,7 | 164.319.954 |
| 2014 | 161.589.064 | 421,1 | 169.647.412 |
| 2015 | 171.913.056 | 428,0 | 177.576.547 |
| 2016 | 182.915.492 | Áætlað | 182.915.492 |
| **Samtals** | **1.415.386.010** | | **1.655.733.558** |

Heimild: Ríkisskattstjóri

Taflan hér að framan sýnir hvað íbúar í Hafnarfirði greiddu samtals á ári hverju í Framkvæmdasjóð aldraðra á árunum frá 2007 til 2016. Árið 2016 er áætlað. Eins og taflan sýnir nema greiðslur í sjóðinn á verðlagi í apríl 2017 samtals 1.655,7 millj. kr. Til samanburðar er áætlaður kostnaður við að byggja 60 rýma hjúkrunarheimili með búnaði og frágenginni lóð um 1.800 millj. kr.

## Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra

| Ártal | Hafnarfjörður | Kópavogsbær | Reykjavík | Mosfellsbær | Garðabær | Seltjarnarnesbær | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland | Suðurland | Austurland | Samtals | Hlutfall Hafnarfjarðar ár hvert |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2008** | 20.636.974 | 175.288.268 | 474.322.290 | | | | | 136.980.597 | 1.580.468 | 21.551.836 | 115.799.453 | | **946.159.885** | **2,18%** |
| **2009** | | 173.196.460 | 748.145.842 | | 7.144.675 | | 37.438.660 | 259.684.357 | 1.077.667 | 93.737.773 | 141.046.065 | 35.864.497 | **1.497.335.994** | |
| **2010** | | 7.103.787 | 143.469.484 | | | | | 142.903.469 | 967.702 | 15.572.096 | 39.961.847 | | **349.978.386** | |
| **2011** | 56.652.476 | | 52.204.554 | 22.204.493 | 128.697.101 | | 4.518.152 | 13.837.718 | 1.872.809 | 4.682.023 | 107.352.930 | | **392.022.255** | **14,45%** |
| **2012** | | 3.449.560 | 22.255.223 | | | | | 133.809.527 | 111.276 | | 7.344.224 | | **166.969.809** | |
| **2013** | 91.055.246 | 2.785.219 | 275.308.214 | 17.996.802 | | | | | | 3.074.454 | 2.506.697 | | **392.726.632** | **23,19%** |
| **2014** | | 6.089.242 | 40.209.998 | | | | | 4.199.478 | | 85.774.329 | 2.519.687 | | **138.792.733** | |
| **2015** | 3.202.126 | | 44.726.472 | | | | | 24.377.477 | | | 223.529.065 | | **295.835.140** | **1,08%** |
| **2016** | 30.976.453 | | 11.578.084 | | | 69.265.380 | 2.843.740 | 19.093.683 | | 3.046.864 | 41.640.478 | 5.789.042 | **184.233.724** | **16,81%** |
| **Samtals** | **202.523.274** | **367.912.536** | **1.812.220.160** | **40.201.295** | **135.841.776** | **69.265.380** | **44.800.552** | **734.886.305** | **5.609.922** | **227.439.375** | **681.700.445** | **41.653.539** | **4.364.054.559** | **4,64%** |
| Hlutfall af heild | 4,6% | 8,4% | 41,5% | 0,9% | 3,1% | 1,6% | 1,0% | 16,8% | 0,1% | 5,2% | 15,6% | 1,0% | | |

Heimild: Framkvæmdasjóður aldraðra

Taflan hér að framan sýnir framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra skipt niður á landshluta og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu á verðlagi í apríl 2017. Eins og taflan sýnir voru úthlutanir á þessu tímabili samtals til Hafnarfjarðar 202,5 milljónir króna. Til samanburðar voru gjöld Hafnfirðinga í Framkvæmdasjóð aldraðra árin 2008 til 2016 á verðlagi í apríl 2017 samtals 1.488,5 milljónir króna. Þannig námu úthlutanir til Hafnarfjarðar úr Framkvæmdasjóði aldraðra á þessu tímabili 13,6% af gjaldinu sem íbúar Hafnarfjarðar greiddu í sjóðinn.




Myndin hér að framan sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa landsins á milli landshluta og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu miðað við íbúafjölda samtals 2017 og hlutfallslega skiptingu úthlutana úr Framkvæmdasjóði aldraðra árin 2008 til 2016. Eins og myndin sýnir er þarna mikið misvægi þegar þessi hlutföll eru borin saman á milli landshluta og sveitarfélaga.

| # | Félag/ stofnun | Úthlutað |
|---|---|---|
| 1 | **Félagsþjónusta Kópavogs** | **316.842.600** |
| 2 | Sunnuhlíð, Kópavogi | 219.090.725 |
| 3 | **Hrafnista, Hafnarfirði** | **155.982.313** |
| 4 | Boðaþing, Kópavogsbæ | 140.471.853 |
| 5 | **Holtsbúð, Garðabær** | **77.698.047** |
| 6 | Sólvangur, Hafnarfirði | 53.270.107 |
| 7 | **Félagsþjónusta Mosfellsbæjar** | **41.135.689** |
| 8 | Félagsþjónusta Kópavogs, Roðasalir | 15.038.462 |
| 9 | **Jónshús, Garðabæ** | **3.196.515** |
| 10 | Hafnafjarðarbær | 2.439.924 |
| | **Samtals** | **1.025.166.235** |

*Fjárhæðir eru í krónum og á meðalverðlagi ársins 2010*

Heimild: Yfirlit yfir úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra 2000 til 2010, félags- og tryggingamálaráðuneytið júlí 2010. Mynd tekin af töflu í ritinu.

Taflan hér að framan sýnir úthlutanir til einstakra stofnana eða félaga á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur á meðalverðlagi ársins 2010. Samkvæmt þessu yfirliti voru úthlutanir úr sjóðnum til stofnana í Hafnarfirði á tímabilinu 2000 til 2010 samtals 211,6 milljónir króna á meðalverðlagi ársins 2010. Þessi tala framreiknuð miðað við vísitöluna í apríl 2017 voru úthlutanirnar samtals 257,7 milljónir króna. Samkvæmt þessu hafa stofnanir í Hafnarfirði fengið úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra á tímabilinu 2000 til 2016 á verðlagi í apríl 2017 samtals 439,6 millj. kr.

| Ártal | Greitt | Vísitala neysluverðs | Á verðlagi í apríl 2017 |
|---|---|---|---|
| 2000 | 41.658.120 | 199,1 | 92.501.531 |
| 2001 | 51.985.132 | 212,4 | 108.204.458 |
| 2002 | 59.981.440 | 222,6 | 119.127.559 |
| 2003 | 63.733.680 | 227,3 | 123.962.428 |
| 2004 | 69.131.424 | 234,6 | 130.277.078 |
| 2005 | 76.077.225 | 244,1 | 137.786.732 |
| 2006 | 86.419.718 | 260,6 | 146.608.432 |
| 2007 | 103.533.328 | 273,7 | 167.234.506 |
| 2008 | 117.803.073 | 307,7 | 169.258.169 |
| 2009 | 123.051.600 | 344,6 | 157.867.418 |
| 2010 | 120.825.600 | 363,2 | 147.073.232 |
| 2011 | 136.196.606 | 377,7 | 159.418.903 |
| 2012 | 144.165.644 | 397,3 | 160.421.926 |
| 2013 | 153.392.547 | 412,7 | 164.319.954 |
| 2014 | 161.589.064 | 421,1 | 169.647.412 |
| 2015 | 171.913.056 | 428,0 | 177.576.547 |
| 2016 | 182.915.492 | Áætlað | 182.915.492 |
| **Samtals** | **1.864.372.749** | | **2.514.201.776** |

Heimild: Ríkisskattstjóri

Taflan hér að framan sýnir gjaldið sem íbúar Hafnarfjarðar hafa greitt í Framkvæmdasjóð aldraðra frá árinu 2000 til 2016. Miðað við verðlag í apríl 2016 hafa hafnfirðingar greitt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra samtals 2.514,2 milljónir króna. Á sama tíma hafa úthlutanir úr sjóðnum til stofnana í Hafnarfirði á verðlagi í apríl 2017 verið samtals 439,6 milljónir króna, sem samsvarar 17% af því sem íbúar Hafnarfjarðar hafa greitt til Framkvæmdasjóðs aldraðra á sama tímabili.

HAFNARFJÖRÐUR

**Fjöldi hjúkrunarrýma í Hafnarfirði**

| Fjöldi hjúkrunarrýma | Rými 1999 | Rými 2016 | Breyting 1999/2016 | Hlutfallsleg breyting |
|---|---|---|---|---|
| Hrafnista, Hafnarfirði | 146 | 163 | 17 | |
| Sólvangur, Hafnarfirði | 96 | 59 | -37 | |
| **Samtals** | **242** | **222** | **-20** | **-8,3%** |
| Íbúafjöldi í Hafnarfirði | 18.656 | 28.189 | 9.533 | 51% |
| íbúar 67 ára og eldri í Hafnarfirði | 1.495 | 2.851 | 1.356 | 91% |

Heimild: Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands

Taflan hér að framan sýnir fjölda hjúkrunarrýma í Hafnarfirði árið 1999 og 2016. Eins og taflan sýnir hefur hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði fækkað um 20 frá árinu 1999, eða um 8,3%. Á sama tíma hefur íbúum Hafnarfjarðar fjölgað um 51% eða úr 18.658 í 28.189. Hins vegar hefur fjöldi íbúa 67 ára og eldri nánast tvöfaldast á þessu tímabili. Farið úr 1.495 íbúum í 2.851 íbúa, eða fjölgun um 91%. Á sama tíma fækkar hjúkrunarrýmum um 20 rými. Ljóst er að íbúum í Hafnarfirði mun fjölga nokkuð á næstu misserum þar sem verið er að úthluta lóðum fyrir mikinn fjölda íbúða. Íbúar Hafnarfjarðar voru komnir í 29.014 þann 1. Júlí s.l.

**Lokaorð**

Af framanrituðu má ljóst vera að verulega hallar á Hafnarfjörð hvað varðar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Afleiðingin er skert þjónusta við aldraða í sveitarfélaginu miðað við að frá árinu 1999 til dagsins í dag hefur hjúkrunarrýmum fækkað um 20 á sama tíma og fjöld íbúa 67 ára og eldri hefur nánast tvöfaldast. Á þessum tíma hefur einungis verið úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra um 17% af því gjaldi sem íbúar í Hafnarfirði hafa greitt í sjóðinn. Ljóst er einnig að það hallar verulega á Hafnarfjörð þegar úthlutanir á milli landshluta og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru bornar saman.

Þar sem hjúkrunarrýmum hefur fjölgað á landinu öllu á þessi tímabili má ljóst vera að með fækkun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði hafa hjúkrunarrými, sem áður voru í Hafnarfirði, verið færð til annars eða annarra sveitarfélaga. Slíkt er algjörlega óásættanlegt. Úr þessu má bæta og gæti fyrsta skrefið verið að úthluta Framkvæmdasjóði aldraðra til endurbóta á Sólvangi þannig að hægt verði að fjölga um allt að 33 hjúkrunarrými.

Virðingarfyllst,

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

Haraldur L. Haraldsson,
bæjarstjóri

Afrit sent þingmönnum Suðvesturkjördæmis